

Fundur 22.1.2024 Mary Douglas Leakey, 6.2.1913 - 9.12.1996 fornleifafræðingur.

Góða kvöldið, gleður það okkur að koma í sambandið.

*Góða kvöldið.*

*Velkomin.*

Takk fyrir.

Tölum við hér úr stjörnusambandsstöð og veit ég til þess að ýmis góð sambönd hafa komið til ykkar frá okkur.

Og langar mig gjarnan að segja frá lífshlaupi mínu og störfum mínum á framlífs hnetti.

Hef ég oft fundið fyrir því að mikill áhugi er hjá ykkur Íslendingum á gamla hnettinum á því hvernig lífið byrjaði á jörðinni.

*Já já.*

Og hefur það einnig verið áhugamál mitt og æfistarf að hluta, ef svo má segja og eiginmannsins og margra í ættinni.

Hef ég hér haldið áfram fornleifarannsóknum á nýrri jörð og samfellan í starfi þessu finnst mér áhugaverð og bera saman ólíka steingerfinga frá fjölmörgum landshornum og finna í þeim samsvörun, sömu tegund og finna tengslin þar á milli, hvernig manntegundirnar þróuðust ein af annarri og mynduðu síðan ættartré.

Og því er líkt farið á þessari jörð, en þó hefur okkur tekist að skapa hér heildstæðari mynd af því sem gerðist í forsögunni og höfum við allglögga mynd af því sem gerðist og það sem kannski mætti nefna sem nýung miðað við það sem vitað er á gömlu jörðinni, er að það er viðurkennt á minni framlífs jörð að fram komu á nokkru svipuðu tímaskeiði fjölmargar tegundir apamanna sem þróuðust í mismunandi áttir og urðu flestar útdauðar eins og á gömlu jörðinni.

En náðu meiri félagslegum og trúarlegum og andlegum þroska heilahvelsins á svipuðum tíma.

Og eru skoðanir hér skiptar um það hvort að það sé tilviljun eða hvort að ákveðið lögmál gildi sem kallað er lögmál áhrifanna, að það komi fyrir andleg áhrif, mögnun, víxl mögnun margra tegunda í einu, eða þá að aðrar verur hafi komið með þá frummenn frá sínum hnöttum og eru ýmis rök sem hníga til þess líka.

Það var ekki farið að ræða slíkt af alvöru þegar ég var á ykkar frumlífs jörð, en hygg ég þó að finna megí líkindi með þessum og er það margt annað áhugavert í þessu sem áhugvert væri að minnast á hér í kvöld, eins og hvernig það getur verið hulið vísindamönnum fjölmargt í liðinni sögu, þegar heimildir skortir og þegar steingerfingar hafa ekki fundist sem segja sína sögu, eins og það sem ljóst er nú á okkar hnetti að margir kynþættir þessarar jarðar okkar urðu nokkuð háþróaðir snemma en aftur svo misjafna þróunarbraut í vændum blönduðust öðrum tegundum og flókin saga þar sem sumar tegundir döfnuðu en aðrar ekki.

Já nafn mitt er Mary Leakey, var ég uppi á jörðinni á tuttugustu öldinni,

*Hvar ?*

Í Bretlandi, var við störf í Asíu, Afríku og Suðurhafseyjum.

*Þú varst að rannsaka góríllur meðal annars var það ekki ?*

Já, það er rétt, það er rétt.

Og maður minn fékkst við það líka og hefur æfinlega verið áhugamál og spennandi viðfangsefni og hygg ég að margt eigi enn eftir að uppgötva á jörðinni gömlu og tel ég líklegt að þessi saga eigi eftir að koma betur í ljós að tegundirnar hafi verið talsvert fleiri og jafnvel náð miklum árangri sumar í lífisbaráttunni.

*Ert þú með einhverja sérstaka í huga ?*

Ja vildi koma því að, að teljum líklegt að Guð sá sem nefndur er Jahve hafi haft áhrif til að fela ýmis sönnunargögn,

*Já við höfum heyrt það.*

Já og þið eigið eftir að uppgötva margt og það komi í ljós síðar og muni varpa skýrara ljósi á fortíðina, hvernig menningarriki hafi hugsanlega verið til áður og er ég þó ekki viss um hvað eigi að gera enn við söguna um Atlantis, þar sem einnig á þessum hnetti eru ýmsar tilgátur um það og ekki öll kurl komin til grafar og virðist mér sem það sé nú með þjóðsagna blæ, en hugsanlegt er að það samfélag hafi verið til á öðrum hnetti.

En vísbendingar eru þó nokkrar um að pólarnir hafi verið aðrir áður fyrr og jafnvel mikil meginlönd þar sem nú er sjór og margt á sjávarbotninum gæti bent til þess.

Ekki getum við verið alveg viss um þetta en það er mjög spennandi að fylgjast með því sem gerist á ykkar jörð og ef það verður uppgötvað sem okkur grunar, eins og kom hér fram í rannsóknum á okkar hnetti, á sínum tíma.

En get ég nú ekki farið nánar út í það, hefur það verið ánægjulegt að vera í þessu sambandi og teljum við Íslendinga vera mikla lífstefnu þjóð að sinna þessu framlífs málefni svona vel og þykir mér vænt um það að með sérhverju svona sambandi eins og því sem ég er hér í, í kvöld, mun það fréttast til annarra landa þótt seint það verði og síðar og hjálpar til við að færa spiritista hreyfinguna á vísindalegri grundvöll í öðrum löndum, vonandi.

En finn ég nú orkuna dvína, þakka ég kærlega fyrir sambandið og vona að ég komist aftur síðar,

Verið þið sæl.

*Vertu blessuð og við biðjum að heilsa John Lennon.*

Já takk fyrir, reyni að skila því.